



TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

Haut 2015



EFNISYFIRLIT

1. Tækniþróunarsjóður.....	4
1.1. Inngangur	4
1.2. Stjórn sjóðsins	4
1.3. Umsýsla sjóðsins.....	4
2. Styrkir Tækniþróunarsjóðs	4
2.1. Einkaleyfisstyrkir.....	5
2.2. Frumherjastyrkir.....	6
2.3. Verkefnisstyrkir	6
2.4. Markaðsstyrkir.....	6
2.5. Hverjir geta sótt um styrk til sjóðsins	7
2.6. Samþykktir verkþættir.....	7
2.7. Umsóknafrestur.....	8
3. Gerð umsóknar	8
3.1. Verkefnislýsing (Word-skjalið).....	8
3.2. Útreikningar (Excel-skjalið).....	9
3.2.1. Kostnaður verkáætlunar.....	9
3.2.2. Yfirlit	9
3.2.3. Rekstur.....	9
3.3.4. Forsendur veltu	9
3.3.5. Innlend verðmæti	10
3.3.6. Forsendur innlendra verðmæta	10
3.3. Skráning umsóknar	10
3.4. Önnur fylgigögn	10
4. Viðurkenndur kostnaður og fjármögnun.....	11
4.1. Viðurkenndur kostnaður í verkefnum	11
4.1.1. Laun og launatengd gjöld	11
4.1.2. Rekstrarvörur.....	11
4.1.3. Aðkeypt þjónusta	11
4.1.4. Ferðir og fundir.....	11
4.1.5. Afskriftir áhalda og tækja	11
4.1.6. Samrekstur og aðstaða (e. Overhead).....	12
4.2. Fjármögnunarliðir.....	12
5. Matsferli umsókna.....	12

5.1. Trúnaður og vanhæfi	13
5.2. Fagráð og stjórn.....	13
5.3. Mat umsóknar af fagráði	13
5.3.1. Nýnæmi (N)	14
5.3.2. Verðmæti (V)	14
5.3.3. Önnur gildi	15
5.3.4. Líkur á árangri (L).....	15
5.4. Reiknireglur í matsferli fagráðs	16
5.5. Ákvörðun um úthlutun	16
5.6. Tilkynning á úthlutun.....	17
6. Samningur um framkvæmd verkefna	17
6.1. Verkefnisstjóri	17
6.2. Gengið til samninga og undirritun samnings.....	17
6.3. Samfjármögnun	17
6.4. Greiðslur til verkefna	18
6.5. Eignarréttur á niðurstöðum.....	18
7. Eftirfylgni	18
7.1. Framvinduskýrslur	19
7.2. Áfangaskýrslur	19
7.3. Lokaskýrslur	19
7.4. Önnur eftirfylgni verkefna	19
7.5. Framhaldsverkefni (verkefni til tveggja eða þriggja ára).....	19
8. Viðauki	21

1. TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

1.1. INNGANGUR

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Markmiðin eiga að leiða til endurnýjunar og bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og þau mótast í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs.

Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan, skilgreindan, efnahagslegan og/eða þjóðhagslegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Tækniþróunarsjóður starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun ([nr. 75/2007](#)) og er fjármagnaður af ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

1.2. STJÓRN SJÓÐSINS

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem skipar sex manna stjórn hans. Stjórnin er ábyrg gagnvart ráðherra og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Stjórnin setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Hún markar sjóðnum stefnu og er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs, sjá nánar á <http://www.vt.is/>.

1.3. UMSÝSLA SJÓÐSINS

Umsýsla Tækniþróunarsjóðs er í höndum Rannís samkvæmt samningi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Starfsmenn sjóðsins veita allar almennar upplýsingar um sjóðinn. Opnunartími Rannís er á virkum dögum á milli 9:00 og 16:00. Að öllu jöfnu er tölvupóstum svarað innan þriggja daga frá því að þeir berast.

Frekari upplýsingar veita:

<i>Sigurður Björnsson</i>	sigurdur@rannis.is	515 5801
<i>Lýður Skúli Erlendsson</i>	lydur@rannis.is	515 5810
<i>Björn Víkingur Ágústsson</i>	bjornv@rannis.is	515 5814
<i>Ragnhildur Guðmundsdóttir</i>	raqnhildur@rannis.is	515 5815


2. STYRKIR TÆKNIPRÓUNARSJÓÐS

Tækniþróunarsjóður býður upp á fjórar flokka styrkja; einkaleyfisstyrk, frumherjastyrk, verkefnisstyrk og markaðsstyrk. Hver styrkur er sniðinn að mismunandi þróunarstigi verkefna. Þó styrkflokkar séu settir upp á þann hátt að styðja verkefni á mismunandi þróunarstigi þess er umsækjendum heimilt að sækja um í hvaða flokk sem er óháð því hvort fyrirtækið hafi áður hlotið styrk úr Tækniþróunarsjóði.

2.1. EINKALEYFISSTYRKIR

Tilgangur einkaleyfisstyrkja er annars vegar að undirbúa og skila inn forgangsréttarumsókn og hins vegar að undirbúa og skila inn umsókn í alþjóðlegt ferli (sjá mynd að neðan).

Hámarksstyrkur vegna forgangsréttarumsóknar er 300 þ.kr. og hámarksstyrkur vegna umsóknar í alþjóðlegu ferli er 1,2 m.kr. Greitt er skv. reikningum (án VSK) frá viðurkenndum einkaleyfissérfræðingum og vegna opinberra gjalda. Mótframlagskrafa er að lágmarki 30% af reikningsupphæð. Skilyrði er að einkaleyfið stuðli að verðmætasköpun innanlands.



Einföld skýringarmynd af fyrstu skrefum einkaleyfisferlis. Mánuðir eru til viðmiðunar.

Sækja skal um stuðning vegna forgangsréttarumsóknar, áður en hún er lögð inn til viðurkenndra aðila, á eyðublaði sjóðsins í umsóknarkerfi Rannís. Í umsókn er óskað eftir lýsingu á því vandamáli sem á að leysa. Hafa ber í huga að ekki er óskað eftir tæknilegum upplýsingum (kröfulýsingum) sem einkaleyfið byggir á. Jafnframt skal gera grein fyrir því hvernig tekjur eru áætlaðar af einkaleyfinu, hvernig einkaleyfið verði nýtt og hver markaðurinn er fyrir vöruna.

Ef stuðningur við verkefnið er samþykktur þarf að skila inn staðfestingu á innlögn forgangsréttarumsóknar þar sem fram kemur númer hennar, ásamt reikningum til að fá styrkinn greiddan.

Ef umsækjandi ákveður að leggja inn umsókn í alþjóðlegt ferli í kjölfar niðurstaðna úr forgangsréttarumsókn skal hann leggja fram undirritaðan rökstuðning einkaleyfasérfræðings fyrir áframhaldi vegna umsóknar í alþjóðlegu ferli áður en hún er lögð inn. Þessi rökstuðningur þarf að liggja fyrir innan 12 mánaða frá innlögn forgangsréttarumsóknar. Hægt er að sækja um vegna umsóknar í alþjóðlegt ferli án þess að hafa fengið stuðning vegna forgangsréttarumsóknar hjá sjóðnum.

Ef stjórn sjóðsins samþykkir að styrkja verkefnið þarf að skila inn staðfestingu á innlögn umsóknar í alþjóðlegt ferli þar sem fram kemur númer umsóknar, ásamt reikningum til að fá styrkinn greiddan.

Umsækjendum er bent á að kynna sér upplýsingar um einkaleyfi og einkaleyfisferli t.d. á vefsíðu Einkaleyfastofu (www.els.is).

2.2. FRUMHERJASTYRKIR

Frumherjastyrkir eru sniðnir að þörfum sprotafyrirtækja¹ og frumkvöðla með verkefni á byrjunarstigi. Frumherjinn er sjálfur í fyrirrúmi og hyggst eða hefur stofnað fyrirtæki um hugmynd sína. Gert er ráð fyrir að aðkeypt þjónusta rannsóknastofnana og háskóla sé að öllu jöfnu innan við 20% af styrkuppþæð. Nýnæmi er mikið og rannsóknþáttur verkefnisins er verulegur.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 14 milljónum króna samanlagt á tveimur árum, þó ekki meira en 7 milljónir króna á fyrsta ári. Gerð er krafa um að lágmarki 25% mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði við verkefnið. Stjórn sjóðsins staðfestir framlag til verkefnisins til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir að umsækjendur sækji um verkefnisstyrk í framhaldi af frumherjastyrk ef niðurstaða gefur tilefni til.

Styrkhæfur markaðskostnaður getur numið allt að 15% af styrkuppþæð. Viðurkenndir verkþættir í markaðshluta frumherjastyrkja sjá liði 7 og 12 í kafla 2.6.

Uppfylli umsókn ekki skilyrði frumherjastyrks er henni vísað frá.

2.3. VERKEFNISSTYRKIR

Verkefnisstyrkir eru ætlaðir til að styrkja verkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar. Umsækjandi getur verið einstaklingur, fyrirtæki, háskóli eða stofnun. Einstaklingar sem hljóta verkefnisstyrk þurfa að stofna fyrirtæki um verkefnið áður en skrifað er undir samning við sjóðinn.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 45 milljónum króna samanlagt á þremur árum, þó ekki meira en 30 milljónum króna á tveimur árum eða 15 milljónum króna á einu ári, sem getur dreifst misjafnt á stuðningsárin allt eftir framgangi verkefnisins.

Styrkhæfur markaðskostnaður getur numið allt að 1/3 af styrkuppþæð. Viðurkenndir verkþættir í markaðshluta verkefnisstyrkja sjá liði 7 og 12 í kafla 2.6.

Gerð er krafa um að lágmarki 50% mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði við verkefnið. Unnt er að sækja um stuðning til allt að þriggja ára en stjórn sjóðsins staðfestir framlög til eins árs í senn.

Uppfylli umsókn ekki skilyrði verkefnisstyrks er henni vísað frá.

2.4. MARKAÐSSTYRKIR

Markaðsstyrkir eru eingöngu fyrir fyrirtæki sem eru að komast á legg og eru með veltu undir 300 milljónum króna skv. síðasta ársreikningi. Umsóknin skal að öllu jöfnu tengjast undangenginni vörupróun í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækisins fyrir sömu afurðir. Hægt er að sækja um styrk vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða fyrirtækisins sem tengjast sókn á markaði.

¹ Sprotafyrirtæki er fyrirtæki sem er með innan við 1 milljarð króna í veltu og ver að minnsta kosti 10 % af veltunni til rannsókna- eða þróunar.

Dótturfyrirtæki² erlendra fyrirtækja geta ekki sótt um markaðsstyrki.

Verkefnin eru styrkt til eins árs, að hámarki 10 milljónir króna. Gerð er krafa um að lágmarki 50% mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði við verkefnið.

Viðurkenndir verkþættir í markaðsumsókn sjá liði 7 og 12 í kafla 2.6. Uppfylli umsókn ekki skilyrði markaðsstyrks er henni vísað frá.

2.5. HVERJIR GETA SÓTT UM STYRK TIL SJÓÐSINS

Umsækjendur í Tækniþróunarsjóð geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar með verkefni sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Mismunandi reglur gilda þó um umsækjendur á milli styrkjaflokka (sjá nánar kafla 2.1-2.4).

Dótturfyrirtæki³ erlendra fyrirtækja á Íslandi geta sótt um styrk til Tækniþróunarsjóðs. Í þeim tilvikum er styrkhæfur kostnaður sá kostnaður sem fellur til við verkefnið á Íslandi en erlend aðkeypt þjónusta eða erlend aðkeypt vinna við verkefnið er ekki styrkhæf. Dótturfyrirtæki erlendra fyrirtækja geta ekki sótt um markaðsstyrki.

2.6. SAMÞYKKTIR VERKÞÆTTIR

Verkefni sem hljóta framlög skulu fela í sér einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum:

1. Skilgreinda hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan áætlaðan ávinning af rannsóknar- og þróunarstarfi.
2. Hagnýtar rannsóknir og þróun nýrra eða endurbættra afurða, þjónustu eða framleiðsluferla.
3. Smíði tæknilegra frumgerða til þess að prófa og endurbæta tæknilega eiginleika.
4. Smíði frumgerða til að staðfesta viðbrögð á álitlegum markaðssvæðum.
5. Gerð viðskiptaáætlana, markaðskannana og önnur frumvinna, sem getur leitt til þess að sprotafyrirtæki verði markaðshæft eða er forsenda fyrir aðkomu framtaksfjárfesta að nýsköpunarverkefnum.
6. Þróun og smíði sýniseintaka vöru og/eða þjónustu sem ætluð eru til rannsókna og prófana á tæknilegum eiginleikum eða sem ætluð eru til markaðskannana.
7. Samþykktir verkþættir í markaðssetningu:
 - Gerð vörumerkis, vefsíðu, umbúða, bæklinga og gerð annars kynningar- og markaðsefnis til að koma afurðinni á framfæri (t.d. vegna markaðsherferðar eða auglýsinga í miðlum).
 - Gerð markaðsgreiningar, viðskipta- og markaðsáætlunar.
 - Ferðir á ráðstefnur, fyrirlestra eða sölusýningar sem skapa tengsl við söluaðila og/eða neytendur afurðarinnar.
 - Ráðgjöf vegna sölu- og markaðsstarfs.

Tækniþróunarsjóður styður ekki:

8. Fjárfestingu í hráefnum og tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.

² Sjá skilgreiningu í [2. gr. laga nr. 3 frá 2006](#)

³ Sjá skilgreiningu í [2. gr. laga nr. 3 frá 2006](#)

9. Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu.
10. Afborganir skulda, vaxtagjöld og lántökukostnað.
11. Kostnaður vegna einkaleyfa er ekki styrkhæfur nema innan styrkjaflokksins einkaleyfisstyrkir.
12. Þættir sem ekki eru samþykktir í markaðstyrkjum eða sem hluti af markaðskostnaði í öðrum styrkjaflokkum:
 - Þróun vöru, þjónustu eða framleiðsluferils.
 - Framleiðsla söluvöru.

2.7. UMSÓKNAFRESTUR

Tekið er við umsóknum tvisvar á ári, og eru lokadagar 15. febrúar og 15. september. Beri lokadag upp á almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag. Frestur til að skila inn umsókn rennur út klukkan 16:00 á lokadegi umsóknartímabils. Umsókn er, án undantekninga, vísað frá ef hún berst of seint. Þegar umsókn er send fær umsækjandi tölvupóst sem staðfestingu á móttöku umsóknar. Ekki er tekið tillit til viðbótargagna vegna umsóknar sem berast eftir að skilafresti lýkur nema stjórn eða fagráð sjóðsins kalli sérstaklega eftir þeim.

3. GERÐ UMSÓKNAR

Umsókn skal senda til Tækniþróunarsjóðs í gegnum umsóknarkerfi Rannís, www.rannis.is.

Umsækjandi skal skila inn tveimur fylgiskjöllum við skráningareyðublað Tækniþróunarsjóðs í umsóknarkerfi Rannís. Þessi tvö fylgiskjöl, sem má finna á vefsíðu Rannís, eru annars vegar Word-skjal, „Verkefnislýsing“, sem er verklýsing og drög að viðskiptaáætlun, og hins vegar Excel-skjal, „Útreikningar“. Þessi tvö skjöl þurfa að geta staðið sjálfstætt svo hægt sé að meta verkefnið eingöngu með hliðsjón af þeim.

Gerð er krafa til umsækjenda að „Verkefnislýsing“ sé greinargóð og fagráðsmenn geti metið verkefnið samkvæmt þeim upplýsingum sem þar koma fram. Ef fagráðsmenn geta ekki gert sér grein fyrir verkefninu með lestri á skjölunum „Verkefnislýsing“ og „Útreikningar“ er umsókn vísað frá. Sé misræmi milli skráningarblaðsins, og þess sem fram kemur í öðrum gögnum, gildir það sem fram kemur í skráningareyðublaði sjóðsins.

Umsóknum má skila hvort sem er á íslensku eða ensku, þó skal hnotskurn um verkefnið vera bæði á ensku og íslensku.

Ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar í umsókn eða átt er við umsóknareyðublöð (t.d. fyrirfram skilgreindri jöfnu er breytt í „Útreikningum“), sem hafa áhrif á mat umsóknar, er umsókn vísað frá.

3.1. VERKEFNISLÝSING (WORD-SKJALIÐ)

Í „Verkefnislýsingu“ skal gera ítarlega grein fyrir verkefninu sjálfu ásamt því að fylla inn drög að viðskiptaáætlun. Umsækjandi þarf að gera ítarlega verkáætlun þar sem m.a. kemur fram hver ber ábyrgð á hverjum verkþætti fyrir sig. Verkáætlun skal að lágmarki ná yfir það tímabil sem sótt er um styrk fyrir. Gera skal góða grein fyrir þeim afurðum sem verkefninu er ætlað að skila, hvernig þær

eru hagnýttar og hverjir séu líklegir notendur þeirra afurða. Jafnframt skal gera vel grein fyrir stöðu markaðar og leið á markað. Ef vísað er í önnur fylgigögn skal gera það nákvæmlega t.d. með blaðsíðutali.

„Verkefnislýsingin“ skal ekki vera lengri en 25 blaðsíður að viðbætti forsíðu, fyrirvörum, samantekt og efnisyfirliti. Nota skal leturstærð að lágmarki 11 punkta. Spássiur skulu ekki vera minni en þær sem gefnar eru í sniðmáti á vefsíðu Rannís.

3.2. ÚTREIKNINGAR (EXCEL-SKJALIÐ)

Mikilvægt er að vandað sé til verks þegar kemur að því að fylla út í „Útreikningaskjalið“. Gera skal ráð fyrir að allar kostnaðar- og sölutölur séu á föstu verðlagi. Gæta skal þess að allur útreikningur sé í þúsundum ISK. Allar tölur sem settar eru fram í skjalinu „Útreikningar“ eru áætlun.

3.2.1. KOSTNAÐUR VERKÁÆTLUNAR

Í kostnaði verkáætlunar skal gera grein fyrir áætluðum kostnaði við verkefnið fyrir hvern ársfjórðung. Gera þarf grein fyrir kostnaði við hvern starfsmann verkefnisins ásamt öðrum kostnaði við verkefnið. Kostnaðaráætlun þarf að gera fyrir öll verkefnisár sem sótt er um fyrir.

3.2.2. YFIRLIT

Hér skal skilgreina kostnað á hvern umsækjanda. Viðurkenndan kostnað og viðurkennd mótframlög til verkefnisins má sjá í kafla 4. Gæta skal þess að það sem sótt er til Tækniþróunarsjóðs (liður C í yfirlitinu) fari ekki yfir hámarksstyrk í þeim styrkflokki sem sótt er um og að hlutfall styrks af heildarkostnaði við verkefni fari ekki yfir leyfileg mörk (sjá kafla 2).

3.2.3. REKSTUR

Eingöngu skal telja fram beinar tekjur af vörunni sem verið er að þróa. Hafa ber í huga að afurð hefur í flestum tilfellum takmarkaðan líftíma á markaði. Vandasamt getur verið að áætla tekjur af vöru í þeim tilvikum þegar varan er hluti af eldri vöru (t.d. þróun á nýrri viðbót við vöruna). Í slíkum tilfellum er reynt að meta hversu mikið viðbótargildi nýi hluti afurðarinnar hefur á markaðsmöguleika og veltu af afurðinni.

Setja skal fram kostnaðaráætlun fyrir jafn mörg ár og tekjuáætlunin gerir ráð fyrir. Gæta þarf þess að styrkhæfur markaðs- og sölukostnaður fari ekki yfir leyfilegan kostnað í þeim styrktarflokki sem sótt er um (sjá kafla 2).

3.3.4. FORSENDUR VELTU

Ef taldar eru upp tekjur af afurðinni þá er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir forsendum tekna í flípanum Forsendur veltu óháð því hvort rökstuðningur fylgi með í „Verkefnislýsingu“ eða í viðbótargögnum með umsókninni. Ef rökstuðningur er ekki skráður er umsókn vísað frá án frekara mats.

Mælst er til þess að allur rökstuðningur sé skipulega upp settur og greinargóður þannig að auðvelt sé fyrir fagráðsmenn að átta sig á þeirri röksemdafærslu sem lögð er til grundvallar og tenging sé milli rekstrarflípa og forsenduflípa.

3.3.5. INNLEND VERÐMÆTI

Það er ekki sjálfgefið að öll verkefni skapi innlend verðmæti. Með innlendum verðmætum er átt við þau verðmæti sem skapast innanlands vegna sparnaðar eða aukinna tekna þeirra sem nota vöruna.

Undir innlend verðmæti fellur t.d. ekki:

- Framleiðslukostnaður vörunnar.
- Gjaldeyristekjur sem þegar heyrir undir veltu.
- Skattar og gjöld.
- Afleidd störf.

3.3.6. FORSENDUR INNLENDRA VERÐMÆTA

Ef gert er ráð fyrir innlendum verðmætum af verkefninu þá er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir forsendum þeirra í flípanum Forsendur innleendra verðmæta óháð því hvort rökstuðningur fylgi með í „Verkefnislýsingu“ eða viðbótargögnum með umsókninni. Ef enginn rökstuðningur er skráður þá er umsókn vísað frá án frekara mats.

Mælst er til þess að allur rökstuðningur sé skipulega upp settur og greinargóður þannig að auðvelt sé fyrir fagráðsmenn að átta sig á þeirri röksemdarfærslu sem lögð er til grundvallar og tenging sé milli rekstrarflípa og forsenduflípa.

3.3. SKRÁNING UMSÓKNAR

Til að komast inn á skráningareyðublað Tækniþróunarsjóðs þarf umsækjandi að verða sér út um íslykil. Ekki skiptir máli hvort notuð er kennitala fyrirtækisins sem sækir um eða kennitala þess sem skráir umsóknina. Ef kennitala einstaklings er notuð til að skrá umsókn getur viðkomandi starfsmaður eða forsvarsmáður fyrirtækisins óskað eftir því að umsókn sé flutt yfir á kennitölu fyrirtækisins síðar.

Íslykil má nálgast hér: <http://www.island.is/islykill>.

3.4. ÖNNUR FYLGIGÖGN

Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni s.s. skýrslum, myndbandi eða öðru sem styður við umsóknina. Hér er þó um viðbótar fylgigögn að ræða sem fagráðsmenn þurfa ekki að taka tillit til í mati. Ætlast er til að umsækjendur vísi í þau, t.d. blaðsíðutal, þegar við á og skýri á hvern hátt þau styðja við umsóknina.

Í þeim tilfellum sem um samstarfsverkefni er að ræða eru umsækjendur hvattir til að senda inn viljayfirlýsingu um samstarf frá verðandi samstarfsaðilum.

Ef umsækjandi er fyrirtæki þá er mælst til þess að senda inn nýjasta ársreikning fyrirtækisins með umsókn.

Ekki er tekið við viðhengjum stærri en 10 MB.

Umsækjendum gefst kostur á að kynna hugmyndina með stuttu myndbandi (helst ekki lengra en 5 mín.), þar sem þeir hafa möguleika á að kynna verkefnið enn frekar fyrir matsmönnum. Myndbandið gefur umsækjendum kost á að gefa matsmönnum sýn á verkefnið sem hugsanlega er erfitt að koma á

framfæri í texta. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa myndbandið hnitmiðað. **Myndbandinu skal komið til skila sem hlekk á vefsíðu (s.s. vimeo, youtube eða öðrum sambærilegum síðum) sem skilgreindur er í „Verkefnislýsingu“.**

Þeir sem þegar hafa gert eigin viðskiptaáætlun fyrir verkefnið geta lagt hana fram sem viðbótarfylgiskjal, en þurfa engu að síður að fylla inn í skjöl Tækniþróunarsjóðs „Verkefnislýsing“ og „Útreikningar“.

4. VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR OG FJÁRMÖGNUN

4.1. VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR Í VERKEFNUM

Umsækjandi skal tilgreina heildarkostnað verkefnisins í umsókninni. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir kostnaðarliði sem teljast viðurkenndir kostnaðarliðir í verkefni sem sjóðurinn styður. Við gerð kostnaðaráætlunar skal jafnframt hafa til hliðsjónar samþykka verkþætti sem taldir eru upp í kafla 2.6.

4.1.1. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu. Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er hægt að nota útseldan taxta til viðmiðunar við útreikning launa.

4.1.2. REKSTRARVÖRUR

Upplýst skal um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsókn- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar.

4.1.3. AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Lýst skal aðkeyptri þjónustu í „Verkefnislýsingu“ hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila, hvað þjónustan kostar. Hér er heimilt að tilgreina kostnað vegna áritunar endurskoðanda á lokaskýrslu verkefnis. Ef umsækjandi er dótturfyrirtæki erlends fyrirtækis á Íslandi sjá kafla 2.5.

4.1.4. FERÐIR OG FUNDIR

Færa skal inn áætlaðan heildarkostnað vegna ferða utanlands og innanlands. Útskýra þarf tilgang þeirra ferða sem áætlaðar eru á styrktíma.

4.1.5. AFSKRIFTIR ÁHALDA OG TÆKJA

Sjóðurinn styður ekki kaup á tækjum og búnaði. En sjóðurinn getur tekið þátt í að greiða kostnað vegna afskrifta sérhæfðra tækja og búnaðar sem afla þarf vegna verkefnis. Þessi stuðningur nær þó ekki til almennra skrifstofu- og rannsóknartækja (t.d. tölvukaupa). Gera þarf ljósa grein fyrir þörfinni á umræddum tækjum og búnaði í „Verkefnislýsingu“ og skýra hvers vegna umræddur kostur er valinn.

Dæmi um þetta gæti verið:

Umrædd tæki og búnaður kostar t.d. 4 milljónir króna og eðlilegur afskriftatími rannsóknartækja og búnaðar er fjögur ár. Sjóðurinn styður verkefnið í þrjú ár. Inn á liðinn “Afskriftir áhalda og tækja” eru þá færðar 1 milljón króna á ári í þrjú ár vegna stofnkostnaðar þessara tækja og búnaðar. Annan kostnað af tækjakaupum þessum verður umsækjandi að greiða sjálfur.

4.1.6. SAMREKSTUR OG AÐSTAÐA (E. OVERHEAD)

Samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkefnum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, reksturs tölvubúnaðar.

Samþykktur hámarks samrekskostnaður er 25% af heildarkostnaði verkefnisins að frádreginni aðkeyptri þjónustu. Aðkeypt þjónusta reiknast ekki með í 25% reglunni.


4.2. FJÁRMÖGNUNARLIÐIR

Mótframlag umsækjenda er misjafnt milli styrktarflokka. Hægt er að uppfylla mótframlagið á þrennan hátt með eigin framlagi, greiðslum til verkefnisins eða með framlagi annarra. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir því hvernig brugðist skal við ef ekki næst að tryggja fjármögnun verkefnisins.

Í einhverjum tilvikum skapar lausnin sem unnið er að tekjur á meðan unnið er að frekari þróun á styrktíma verkefnisins. Í þeim tilvikum skal gera grein fyrir þeim greiðslum sem nýttar eru til þróunar í verkefninu í liðnum „greiðslur til verkefnisins“.

Í liðnum „framlag annarra“ skal tilgreina aðra styrki sem verkefnið hefur tryggt sér í fjármögnun eða gerir ráð fyrir á styrktímanum. Reglur varðandi samfjármögnun sjóða má sjá í kafla 6.3.

5. MATSFERLI UMSÓKNA



Við lok umsóknartímabils fara starfsmenn Tækniþróunarsjóðs yfir þær umsóknir sem bárust og ganga úr skugga um að umsóknir uppfylli skilyrði þess að fara í mat hjá fagraði (sjá kafla 8 Viðauki). Uppfylli umsókn þau skilyrði fer umsóknin í mat hjá fagraði sem gefur henni einkunn. Umsóknir raðast svo upp eftir einkunnagjöf og er sú röð lögð fyrir stjórn sem ráðgefandi álit á því hvaða verkefni eigi að styrkja.

5.1. TRÚNAÐUR OG VANHÆFI

Umsóknir þar með talið viðhengi umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en starfsmönnum Rannís, fagráðsmönnum og stjórn Tækniþróunarsjóðs í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Engin afrit eru gerð af trúnaðargögnum en fagráðsmenn og stjórn Tækniþróunarsjóðs hafa rafrænan aðgang til að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá Rannís.

Lýsing í hnotskurn á verkefninu auk heiti verkefnis er þó undanskilin trúnaði og er birt á íslensku og ensku á úthlutunarsíðu Rannís.

Þar sem lýsing í hnotskurn á verkefninu og heiti verkefnis eru undanskilin trúnaði skulu umsækjendur gæta sín á því að þar komi ekkert fram sem getur valdið því að ekki verði hægt að sækja um einkaleyfi á uppfinningunni.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá Tækniþróunarsjóði eru bundnir þagnarheiti. Ennfremur fylgir sjóðurinn reglum um vanhæfi. Í rafrænni skráningu umsóknar er hægt að taka fram ef sérstaklega er óskað eftir því að ákveðnir einstaklingar lesi ekki yfir umsóknina.

5.2. FAGRÁÐ OG STJÓRN

Fagráð annast faglegt mat á umsóknum og er skipað af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Stjórn er skipuð af ráðherra eftir tilnefningum. Upplýsingar um hverjir sitja í fagráði og stjórn má finna á vefsíðu Rannís.

Fagráðið byggir mat sitt á nýnæmi, líkum á árangri, almennum þjóðhagslegum gildum og væntingum um afrakstur í formi veltu afurða og verðmæta sem skapast innanlands við notkun vörunnar. Í flokknum einkaleyfisstyrkir er lagt mat á hvort uppfinningin leysi tæknilega þörf á markaði og hvaða líkur eru á að einkaleyfið leiði til aukinna tekna eða verji markaðslega hagsmuni.

Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Þau eru skipuð einstaklingum sem hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Stjórnin getur leitað ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins veita ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar.

Óheimilt er að hafa samskipti við fagráðsmenn eða stjórn vegna umsókna sem eru í mati hjá sjóðnum. Komi það í ljós verður viðkomandi umsókn vísað frá án frekari rökstuðnings.

Ef umsækjendur hafa athugasemdir fram að færa við mat fagráðs að lokinni úthlutun skal þeim beint til starfsmanna Tækniþróunarsjóðs.

5.3. MAT UMSÓKNAR AF FAGRÁÐI

Forsenda þess að umsókn sé metin hæf til faglegs mats er að hún byggji á vel mótaðri hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Gerð er krafa um að fullnægjandi grein sé gerð fyrir einstökum liðum í umsókn þannig að unnt sé að leggja faglegt mat á hana. Umsóknir sem ekki uppfylla lágmarks formkröfur sjóðsins verður vísað frá áður en fagráð sjóðsins metur umsóknirnar. Listi yfir hvaða kröfur þarf að uppfylla má sjá í viðauka aftast í þessum reglum.

Við mat umsókna hjá fagraði þurfa þær að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að verða ekki vísað frá án frekara mats:

- Verkefnið verður að vera innan starfssviðs sjóðsins og uppfylla skilyrði viðkomandi styrktarflokks.
- Forsendur útreikninga í Excel-skjali verða að vera fullnægjandi.
- Eftirfarandi kaflar í „Verkefnislýsingu“ verða að vera fullnægjandi:
 - Lýsing á stöðu þekkingar.
 - Markmiðslýsing.
 - Verk- og tímaáætlun.
 - Drög að viðskiptaáætlun þarf að vera fullnægjandi.
- Fellur á formkröfum Tækniþróunarsjóðs sbr. kafla 8 í reglum Tækniþróunarsjóðs.

Fagrað skoðar hvort umsækjendur hafi gert eða látið gera könnun á frelsi til athafna á viðkomandi tæknisviði og á þeim markaðssvæðum sem stefnt er á. Í þessu felst athugun á því hvort aðrir eigi eða hafi sótt um einkaleyfi eða hvort aðrar tæknilegar eða viðskiptalegar hindranir standi í vegi fyrir því að unnt sé að hagnýta afurðina eða aðferðina á þessum markaðssvæðum.

Tækniþróunarsjóður er ekki áhættufælinn en fer fram á að umsækjendur geri sér grein fyrir óvissunni og reyni að lágmarka hana. Umsókn sem felur það eitt í sér að nota eigi hefðbundna hugmyndarfræði, viðurkennt efni eða þekktar aðferðir/tækni við úrlausn nýs viðfangsefnis uppfyllir ekki kröfur sjóðsins um nýnæmi. Fagrað getur fellt slíka umsókn í mati.

Hægt er að nálgast matsblöð fagraða á Excel-sniði á vefsíðu Rannís.

Matsmenn gefa umsókn einkunn út frá þeim 4 þáttum sem er lýst hér að neðan og verður grundvöllur niðurröðunar fagraðs. Stjórn sjóðsins setur reglur um hvernig vægi þessara þátta er metið innbyrðis fyrir hvern umsóknarflokk. Nánari skýringar á mati má sjá á matsblaði.

5.3.1. NÝNÆMI (N)

Nýnæmi er skilgreint sem breyting á þekktum forsendum sem leiðir til aukinnar verðmætasköpunar á markaði. Skilgreiningin felur í sér nauðsyn þess að skýra stöðu þekkingar, tækni og verklags á sviðinu og hvernig þessir þættir tengjast nýjum þörfum og tækifærum á markaði. Nýnæmi verkefnis er þannig mælikvarði á áhrif verkefnisins á forsendur til að ná forskoti á markaði á grundvelli nýrra lausna, aðferða, búnaðar, þekkingar, tækni eða verklags sem eru afurðir verkefnisins.

5.3.2. VERÐMÆTI (V)

Það skiptir miklu máli varðandi mat á verkefnunum hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir afurðir þess og verðmæti. Verðmæti verkefnisins er skilgreint út frá 2 þáttum; velta hjá umsækjanda vegna afurðar verkefnisins og verðmæti fyrir innlenda notendur afurðarinnar sem bæði eru metin til núvirðis. Með innlendum verðmætum er átt við þau verðmæti sem skapast innanlands vegna sparnaðar eða aukinna tekna þeirra sem nota vöruna.

Undir innlend verðmæti fellur t.d. ekki:

- Framleiðslukostnaður vörunnar.

- Gjaldeyrstekjur sem þegar heyrir undir veltu.
- Skattar og gjöld.
- Afleidd störf.

Rík áhersla er lögð á að umsækjendur geri góða grein fyrir væntingum sínum varðandi sölu afurða verkefnisins og verðmæti þeirra fyrir íslenska notendur á heildartímanum frá því að verkefnið hefst þar til líftíma afurðanna lýkur. Að öllu jöfnu byrjar tekjustreymi ekki fyrr en á öðru eða þriðja ári og hvatt er til að gera áætlun til tíu ára samtals. Þó er hægt að gera áætlun til allt að 20 ára þegar verkefnin eru þess eðlis að tekjustreymi byrjar ekki fyrr en á fimmta til tíunda ári. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir hvernig magnbólur, verð og virði fyrir notendur er reiknað. Það er vissulega oftast bundið mikilli óvissu að horfa svona langt fram í tímann, en engu að síður mikilvægt að skapa mynd af þeim markaðslega árangri sem umsækjandi telur raunhæft að ná, ef tæknileg markmið þróunarverkefnisins nást.

Í umsókn er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið yrði að því að koma afurðum á markað og þjónustu við viðskiptavini. Mikilvægt er að gera sem besta grein fyrir samkeppnisstöðu, áhættu, óvissu og hvernig umsækjendur hyggjast bregðast við þeim veikleikum sem blasa við í því sambandi.

5.3.3. ÖNNUR GILDI

Hér er um huglægt mat á öðrum gildum verkefnisins að ræða og tengslum við áherslur sjóðsins og stefnumótun Vísinda- og tækniráðs. Hér er einkum horft til þátta sem ekki eru metnir til fjár, önnur tækifæri (spin-off), þekkingarverðmæti eða gildi fyrir land og þjóð t.d. til að verja mikilvæga hagsmuni. Lagt er mat á eftirfarandi gildi:

- Þekkingarverðmæti og spin-off (önnur tækifæri).
- Gildi fyrir samstarf skóla, stofnana og atvinnulíf.
- Gildi fyrir alþjóðlegt samstarf.
- Gildi fyrir aðild sprotafyrirtækja.
- Afurðin sem útflutningsvara
- Annað gildi fyrir land og þjóð (t.d. þjóðarhagsmunir, ný störf, o.s.frv.).

5.3.4. LÍKUR Á ÁRANGRI (L)

Með líkum á árangri er leitast við að meta heildarlíkurnar á því að verkefnið nái fram að ganga eins og aðstandendur verkefnisins hafa lýst því og að afurð nái á markað. Sérstaklega er litið til eftirfarandi þátta:

- Líkur á að verkefni ljúki í samræmi við verk-, tíma- og kostnaðaráætlun.
- Líkur á því að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegi lausn.
- Líkur á að bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður séu til staðar eða hægt sé að skapa þær forsendur, sem lagt er upp með.

Í tilfelli markaðsstyrkja er ekki lagt mat á líkur á því að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn.

5.4. REIKNIREGLUR Í MATSFERLI FAGRÁÐS

Útreikningur á heildareinkunn verkefnis út frá matsgildum fagráðs:

$$\text{Heildareinkunn} = (a \cdot N + b \cdot VV + c \cdot G) \cdot (1 + L)$$

Þar sem N er nýnæmi, VV er verðmætamat sem er varpað á skalann 0 til 1 skv. formúlunni ($VV = \ln(\text{verðmætamat}) - (\ln(100)/4.5)$), G er önnur gildi og L er líkur á árangri. Stuðlarnir a, b og c eru vægi á matsgildi við útreikninga á heildareinkunn verkefnisins samanber töflu hér að neðan:

Flokkur styrks	a Nýnæmi (N)	b Verðmætamat (VV)	c Önnur gildi (G)
Verkefnisstyrkur	30%	40%	30%
Frumherjastyrkur	50%	25%	25%
Markaðsstyrkur	20%	50%	30%

Fagráð raðar verkefnum í hverjum flokki í samræmi við heildareinkunn verkefna. Einkunn og forsendur mats fagráðs eru til leiðbeiningar fyrir stjórn sjóðsins.

5.5. ÁKVÖRÐUN UM ÚTHLUTUN

Áður en fagráð gengur frá umsögnum til stjórnar Tækniþróunarsjóðs ræða fagráðsmenn, ef þurfa þykir, sérstök álitamál sem kunna að hafa komið upp. Fagráð skal með aðstoð starfsmanna Tækniþróunarsjóðs leitast við að samræma matsreglur og einkunnagjöf í samræmi við reglur stjórnar. Fagráði er heimilt að leita sérfræðilíts vegna umsókna til aðila utan fagráðsins.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs fær til umfjöllunar þær umsóknir sem hafa hlotið mat fagráðs. Umsóknir eru kynntar fyrir stjórninni og getur hún tekið þær til nánari skoðunar og endurmats ef hún telur tilefni til þess.

Stjórn sjóðsins tekur tillit til eins eða fleiri eftirfarandi atriða við ákvarðanir sínar:

- Afrakstur verkefnanna getur leitt til fjárhagslegs ávinnings í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Verkefnið byggir á og eykur þekkingu og færni í íslensku þróunarumhverfi og atvinnulífi.
- Samvinna rannsóknastofnana og/eða háskóla og fyrirtækja í verkefninu enda byggt á sérþekkingu þeirra.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki standa að verkefninu.
- Alþjóðleg samvinna.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrki eru endanlegar á stjórnsýslustigi sbr. 13. gr. laga nr. 75/2007.

5.6. TILKYNNING Á ÚTHLUTUN

Úthlutun er tilkynnt á vef Rannís. Í framhaldi af tilkynningu er öllum verkefnisstjórum send umsögn fagráðs.

Í þeim verkefnum sem stjórn Tækniþróunarsjóðs heimilar starfsmönnum sjóðsins að ganga til samninga við eru verkefnisstjórar boðaðir á samningafund, sem skal halda innan tveggja mánaða frá tilkynningu um úthlutun. Á samningafundi yfirfara fulltrúar sjóðsins umsóknir og kostnaðaráætlanir með verkefnisstjórum og leita skýringa á öllum kostnaðarliðum áður en gengið er frá samningi. Einnig er farið yfir tímalengd verkefnisins og upphæð styrks.

Undirrituðum samningi, ásamt samstarfssamningi ef við á, skal skila til Tækniþróunarsjóðs innan tveggja mánaða frá samningafundi. Berist undirritaður samningur, og samstarfssamningur í þeim tilvikum sem við á, ekki innan fyrrgreindra tímamarka og sé ekki um annað samið sérstaklega fellur styrkur niður og framlagið færast aftur til Tækniþróunarsjóðs.

6. SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD VERKEFNA

6.1. VERKEFNISSTJÓRI

Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart Tækniþróunarsjóði á framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslega sem verklega. Starfsmenn sjóðsins svara ekki fyrirspurnum vegna tiltekinna verkefna nema frá verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri eða stjórn fyrirtækis/stofnunar getur tilkynnt að nýr einstaklingur muni taka við sem verkefnisstjóri. Ef um samstarfsverkefni er að ræða skulu allir meðumsækjendur í samstarfsverkefnum staðfesta nýjan verkefnisstjóra og þarf sú tilkynning að berast sjóðnum til staðfestingar.

Endanleg ákvörðun um breytingu á verkefnisstjóra er háð samþykki Tækniþróunarsjóðs.

6.2. GENGID TIL SAMNINGA OG UNDIRRITUN SAMNINGS

Tækniþróunarsjóður gerir samninga um framkvæmd verkefna þar sem hlutverkaskipti sjóðsins og þeirra er hljóta framlag eru skilgreind. Í samningnum er gerð grein fyrir samskiptareglum og hvernig tekið skuli á ágreiningsmálum. Samþykkt umsókn er hluti af samningi. Öll verkefni fá úthlutað númeri til nota í öllum samskiptum Tækniþróunarsjóðs og verkefnisstjóra.

6.3. SAMFJÁRMÖGNUN

Tækniþróunarsjóður kappkostar að eiga gott samstarf við aðra sjóði með svipuð markmið sem og framtaksfjárfesta. Verkefni sem Rannsóknasjóður hefur stutt geta á síðari stigum komið inn á borð Tækniþróunarsjóðs og verkefni sem Tækniþróunarsjóður hefur stutt geta hafnað hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og/eða öðrum framtaksfjárfestum.

Tækniþróunarsjóður getur samfjármagnað verkefni með öðrum opinberum innlendum samkeppnissjóðum eða markáætlunum. Samfjármögnun getur að hámarki verið 70% af heildarkostnaði verkefnisins.

Umsækjendum er skylt að upplýsa Tækniþróunarsjóð um umsóknir til annarra sjóða vegna verkefna sem sótt er um stuðning til hjá Tækniþróunarsjóði. Misbrestur á þessu getur leitt til frávísunar umsóknar.

6.4. GREIÐSLUR TIL VERKEFNA

Í samningi er kveðið á um greiðslu framlaga sjóðsins og hverju styrkþegi ber að skila á tilteknum skiladögum. Standi styrkþegi ekki við skuldbindingar sínar er tilgreint í samningi hvernig tekið verður á því. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og krafist endurgreiðslu þess til sjóðsins.

Sé ekki um annað samið er framlag greitt í þrennu lagi (sjá sérreglu um einkaleyfisstyrki kafli 2.1.):

- greiðsla - 40% þegar samningur er undirritaður.
- greiðsla - 40% þegar framvinduskýrsla hefur verið samþykkt. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.
- greiðsla - 20% þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt eða áfangaskýrsla samþykkt sé um framhaldsverkefni að ræða. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

6.5. EIGNARRÉTTUR Á NIÐURSTÖÐUM

Almenn regla er að eignar- og nýtingarréttur á niðurstöðum og afrakstri sé í samræmi við framlag hvers og eins. Viðtakendum framlaga sjóðsins ber eins og kostur er að vernda eignar- og nýtingarrétt niðurstaðna, t.d. með skráningu réttinda hjá ELS og erlendum skráningaryfirvöldum, enda er forsenda framlaga sjóðsins að verið sé að vinna að nýsköpun sem skilar þjóðfélaginu arði og atvinnulífinu aukinni samkeppnishæfni. Sé stuðningur dreginn til baka vegna vanefnda eignast sjóðurinn allar niðurstöður verkefnisins sem skilað hefur verið til hans og getur hann þá birt þær kvaðalaust.

Þátttakendur í samstarfsverkefnum sem studd eru af sjóðnum skulu gera samning sín í milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum. Hægt er að fá drög að slíkum samningi hjá starfsmönnum Tækniþróunarsjóðs.

7. EFTIRFYLGNI

Starfsmenn Tækniþróunarsjóðs annast eftirfylgni verkefna og greiðslur framlaga í umboði stjórnar Tækniþróunarsjóðs. Við eftirfylgni samþykktra verksamninga notar Tækniþróunarsjóður þrjár tegundir skýrslna auk samnings: Framvindu-, áfanga- og lokaskýrslur. Skýrslunum er skilað til Tækniþróunarsjóðs á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu Rannís.

Greiðslur úr Tækniþróunarsjóði eru háðar framvindu verkefnanna samkvæmt skýrslum og mati starfsmanna Tækniþróunarsjóðs.

7.1. FRAMVINDUSKÝRSLUR

Skila ber einni framvinduskýrslu á miðju tímabilinu. Á framvinduskýrslu kemur fram yfirlit yfir áfallinn heildarkostnað á tímabilinu. Kostnaðaryfirlitið skal byggja á greinargerðum frá hverjum og einum þátttakanda undirritað og staðfest af verkefnisstjóra. Gera skal grein fyrir framvindu verkefnisins. Þar eru vörður og áfangar sem verkefnisstjóri og umsjónarmaður verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði samþykktu þegar samningur um verkefnið var undirritaður. Samþykki umsjónarmaður verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði framvinduna er greiðsla heimilud.

7.2. ÁFANGASKÝRSLUR

Áfangaskýrslu, undirritaðri af verkefnisstjóra, skal skila í lok samningsárs þegar um er að ræða verkefni sem skilgreint var til tveggja eða þriggja ára. Áfangaskýrslan er ígildi framhaldsumsóknar, sem skal metin af umsjónarmanni verkefnisins hjá Tækniþróunarsjóði og gerir hann tillögu um afgreiðslu til stjórnar. Í lok samningsárs skal, ásamt áfangaskýrslu, skila verkþókhaldi fyrir verkefnið þar sem talinn er fram kostnaður vegna einstakra verkþátta, heildarkostnaður verkefnisins og framlög þátttakenda þar með talið vinnuframlag auk nýjasta ársreikningi fyrirtækisins. Kostnaðarbókhald skal vera útprentaður hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðað kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins.

7.3. LOKASKÝRSLUR

Lokaskýrsla, undirritað af endurskoðanda eða fjármálastjóra fyrirtækis/stofnunar og verkefnisstjóra, skal veita greinargott yfirlit yfir framvindu verkefnisins, hindranir og hvata og lýsa vel niðurstöðum verkefnisins. Meðfylgjandi skal vera útprentaður hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðuðu kostnaðaruppgjöri vegna verkefnisins, ásamt yfirliti yfir framlög allra þátttakenda þar með talið vinnuframlag og nýjasta ársreikning fyrirtækisins. Greint skal einnig frá hvernig þátttakendur hyggjast nota niðurstöðurnar til frekari framþróunar. Með lokaskýrslu skal fylgja stuttur útdráttur sem sjóðnum er heimilt að birta í skýrslu um starfsemi sína og á vefsíðu Rannís.

7.4. ÖNNUR EFTIRFYLGNI VERKEFNA

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að haldið sé sérstakt kostnaðarbókhald hjá hverjum þátttakanda fyrir verkefni er hljóta stuðning Tækniþróunarsjóðs. Verkefnistjórinn skal á hverjum tíma hafa yfirlit yfir heildarkostnað verkefnisins og skal veita Rannís aðgang að bókhaldsgögnum þegar þess er óskað.

Verkefnisstjórar eru hvattir til að gera viðeigandi breytingar á verkáætlun á verktíma ef það þjónar hagsmunum verkefnisins. Umtalsverðar breytingar á verkáætlun, fjárhagsáætlun eða samstarfsaðilum á verktíma þurfa samþykki starfsmanna Tækniþróunarsjóðs. Sjóðurinn getur dregið framlagið til baka og krafist endurgreiðslu þess ef breytingar eru gerðar án samþykkis sjóðsins.

7.5. FRAMHALDSVERKEFNI (VERKEFNI TIL TVEGGJA EÐA ÞRIGGJA ÁRA)

Verkefni, sem eru til tveggja eða þriggja ára, eru samþykkt til eins árs í senn og þarf umsækjandi að sækja um framhaldsstyrk (sjá kafla 7.2.). Við mat á framhaldsverkefnum er höfð hliðsjón af framvindu, þ.e.a.s.:

- Framvindu undanfarið ár miðað við upprunaleg markmið og tæknilegar vörður í verkefninu. (Varða er skref að áfanga, ein varða eða fleiri geta verið í áfanga.)
- Mati á líkum þess að markmið (afrakstur) verkefnisins náist.
- Hvernig umsækjandi hyggst taka á breytingum á verkáætlunum þar sem það á við.

Skuldbindingar Tækniþróunarsjóðs geta ekki gengið lengra en sem nemur framlagi til sjóðsins á fjárlögum. Styrkir til framhaldsumsóknna eru háðir áframhaldandi framlögum á fjárlögum til Tækniþróunarsjóðs.

8. VIÐAUKI

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá fagraði fara starfsmenn Tækniþróunarsjóðs yfir umsóknir og kanna hvort þær uppfylli eftirtaldar kröfur sjóðsins:

FORMKRÖFUR	JÁ	NEI
Er umsóknin ófullgerð (s.s. nánast óútfyllt umsókn eða umsókn í track changes)?		
Er Word-skjal „Verkefnislýsing“ lengri en 25 blaðsíður að viðbættri forsíðu, fyrirvörum, samantekt og efnisyfirliti?		
Er Word-skjal „Verkefnislýsing“ ekki skrifuð í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs?		
Er Excel-skjal „Útreikningar“ ekki í sniðmáti Tækniþróunarsjóðs?		
Eru taldar upp tekjur í skjalinu „Útreikningar“ (flipi Rekstur) án útskýringa í sama skjali (flipi Forsendur veltu), óháð því hvort útskýringar sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Eru talin upp innlend verðmæti í skjalinu „Útreikningar“ (flipi Innlend verðmæti) án útskýringa í sama skjali (flipi Forsendur innlendra verðmæta), óháð því hvort útskýringar sé að finna annars staðar í umsóknargögnum?		
Er umsækjandi um markaðsstyrk fyrirtæki með veltu yfir 300 m.kr. skv. uppgjóri síðasta rekstrarárs, einstaklingur, stofnun eða háskóli?		
Er umsækjandi um markaðsstyrk dótturfélag erlends félags?		
Barst umsókn of seint?		

Ef svarið við einhverri ofantalinna spurninga er já þá uppfyllir umsóknin ekki lágmarks kröfur Tækniþróunarsjóðs og er vísað frá af starfsmönnum sjóðsins.